



JAFNRÉTTISRÁÐ

Alþingi
Erindi nr. **P 132/1071**
komudagur 27.2.2006

Reykjavík, 23. febrúar 2006.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Varðandi; Umsögn Jafnréttisráðs um frumvarp um hlutafélög, mál 404 og frumvarp um hlutafélög, mál 436

Jafnréttisráð tók til umfjöllunar á fundi sínum þann 23. febrúar erindi frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis frá 10. febrúar sl. Þar var farið fram á að Jafnréttisráð gæfi umsagnir um frumvörp um hlutafélög, mál 404 og 435. Jafnréttisráð fór af kostgæfni yfir þær greinar í fyrrgreindum frumvörpum er taka á kjöri í stjórn hlutafélaga í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Niðurstaða ráðsins var sú að þau mál sem hér eru til meðferðar mæla ekki sérstaklega með því að tekinn verði upp kynjakvóti heldur á að nægja tilvísun til jafnréttis laga. Í jafnréttis lögum kemur fram að í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ríkis og sveitarfélaga sitji sem næst jafnmargar konur og karlar – þegar því verður við komið. Í lögnum er einnig bent á að minnst á þetta lagaákvæði þegar manna á nefndir, ráð og stjórnir. Þar sem umrædd lagafrumvörp ná eingöngu til hlutafélaga sem eru að öllu leyti í eigu opinbera aðila gerir Jafnréttisráð þá sjálfsögðu kröfu til þeirra sem hafa að gera með setningu laga og framkvæmd þeirra að fylgt sé ákvæðum jafnréttis laga. Sérstakt lagaákvæði um kynjakvóta ætti því ekki að þurfa hér. Í umfjöllun Jafnréttisráðs um lagafrumvörpin kom fram það sjónarmið að kynjakvóta fylgdi oft neikvæð umræða sem unnið gæti gegn sjónarmiðum jafnréttis. Í þessu sambandi má vísa í skýrslu Tækifærisnefndar iðnaðar- og viðskiptaráðherra um aukinn hlut kvenna í yfirstjórn fyrirtækja – “Aukin tækifæri í forystu atvinnulífsins”. Þar kemur m.a. fram að þær konur sem setjast í stjórnir í skjóli kynjakvóta eigi á hættu liggja undir ámaelum. Stjórnarsetu hafi þær öðlast vegna kynjakvóta en ekki í krafti hæfileika sinna. Jafnréttisráð vill leggja á það áherslu að hvergi má hvika frá þeirri hugarfarsbreytingu sem nauðsynleg er til að jafna hlut kvenna í stjórnnum. Það má velta því fyrir sér hvort það að teljast hæfur til setu í stjórnnum ráðist ekki af “karllægum” viðmiðum og gildismati. Þeir sem eiga og bera ábyrgð á mönnun í stjórnir fyrirtækja verða að sjá að með jafni aðkomu kynjanna í stjórnir eykst margbreytileikinn og fyrirtækin koma betur til móts við ólíkar þarfir viðskiptavinanna og þau verða þar með eftirsóknarverðari til samstarfs og viðskipta og þar með hæfari í samkeppni.

Jafnréttisráð lítur á lögbundinn kynjakvóta sem neyðarúrræði.

f.h. Jafnréttisráðs

Fanný Gunnarsdóttir
Fanný Gunnarsdóttir
-formaður-